26. júní, 2013

Aðalfundur í Vatnsveitufélagi Hvalfjarðarsveitar sf.

Skýrsla stjórnar.

Á síðasta aðalfundi var lýst kjöri eftirtalinna stjórnarmann í stjórn vatnsveitufélagsins. Frá Faxaflóahöfnum sf., Guðmundur Eiríksson stjórnarformaður og Helgi Laxdal stjórnarmaður. Haraldur Magnússon stjórnarmaður fyrir Hvalfjarðarsveit. Til vara Gísli Gíslason, Jón Þorvaldsson og Ólafur Jóhannesson. Guðmundur Eiríksson hafði áfram prókúru félagsins. Bókhald félagsins er fært á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, dagleg verkefnastjórnun verkefna var unnin af stafsmönnum tæknideildar Faxaflóahafna sf. og endurskoðandi er Jóhann Þórðarsson hjá Endurskoðunarstofunni Álit ehf. á Akranesi.

Formlegir stjórnarfundir voru 6 á árinu 2012, en auk þess voru nokkrir fundir stjórnarmanna með ráðgjöfum og einnig óformlegir fundir.

Á árinu var samið við Elkem Ísland ehf. um fyrirkomulag vatnsöflunar fyrir Grundartangasvæðið og Melahverfi og nágrenni. Mikill tími fór í þessa saminga en með þessu samkomulagi sem er á milli Elkem Ísland og Vatnaveitufélagsins, má segja að tekist hafi um leið að koma böndum yfir málaflokk sem hefur verið í all nokkurri óvissu lengi. Hvalfjarðarsveit og Faxaflóahafnir sf. sem eigendur Vatnsveitufélagsins skrifuðu einnig undir samkomulagið.

Samningurinn gengur út á að *"Elkem Ísland ehf. veitir Vatnsveitufélagi Hvalfjarðarsveitar sf. heimild til tímabundinnar nýtingar vatns úr lindum félagsins að Tungu."* Samningurinn gildir til 5 ára en í honum eru ákvæði um að Vatnsveitufélagið haldi áfram vinnu við vatnsöflun og jafnframt er ákvæði um að Elkem Ísland efh. er skuldbundið til að leysa til sín dælumannvirki þau sem ráðist hefur verið í að framkvæma. Framkvæmdir vegna þessa samnings sem Vatnsveitufélagið sér um mun væntanlega kosta um 80 milljónir sem er umtalsvert hærri upphæð en ráðgjafar höfðu gert ráð fyrir í sínum áætlunum sem var nær 60 milljónum. Það er hlutverk komandi stjórnar að vinna úr þessu máli í samvinnu við eigendur félagsins en þessi kostanðarauki hefur þegar verið kynntur fyrir forsvarsmönnum eigenda.

Beðið hefur verið áfram átekta vegna vinnu við öflun frekara vatns, þar sem skipulagsmál og fl. var í vinnslu hjá landeigendum. Nokkur óvissa er varðandi þessa vatnsöflun bæði hvað varðar kostnað og einnig varðandi átök um

skipulagsmál og fl. Fundað hefur þó verið nýlega með landeigendum Leirárgarða og viðræður geta hafist fljótlega.

Núverandi vatnsveita fyrir hafnarsvæðið á Grundartanga og fyrir Melahverfið er veita Elkem Ísland og Norðuráls sem er í eigu þessara fyrirtækja. Aðgangur sveitarfélagsins er takmarkaður að veitunni og sama á við um Grundartangahöfn. Með áðurnefndum samningi er þó tryggð vatnsöflun fyrir svæðið á næstu árum. Áfram er þó nauðsynlegt að halda vöku sinni varðandi framhaldið og því eru þau atriði um kostina sem í boði eru og nefnd voru í síðastu ársskýrslu enn í fullu gildi.

Megin kostir til öflunar vatns eins og staðan er nú eru:

1. *Samningar við núverandi eigendur vatnsveitu Elkem Ísland og Norðuráls.* Unnt er að virkja meira vatn á núverandi vatnstökustöðum miðað við gildandi samninga. Með því móti verður hægt að tryggja vatn til svæðisins með dælingu í nokkur ár. Í þessu er unnið og samningur hefur verið undirritaður.

2. *Hefja vatnstöku í Geldingaá og Bugalæk* að undangengnum samningum, eða til vara eignarnámi og leggja viðeigandi lagnir og tengja við núverandi veitu. Með því móti verður hægt að tryggja vatn til lengri tíma. Framkvæmdir eru háðar vatnsmagni og arðsemi framkvæmda.

3. *Öflun iðnaðarvatns.* Horft er til þess valkosts að afla iðnaðarvatns til kælingar og á þann hátt að ná að nýta betur það vatn sem nú berst frá veitu Elkem Ísland og Norðuráls sem er gott neysluvatn. Unnið hefur verið út frá því að tengja þessa virkjun við áform landeigenda við Bugalæk um rafmagnsvirkjun.

Eðli starfsemi Vatnsveitufélagsins mun nú taka breytingum. Sú mikla undirbúningsvinna vegna skoðunar á vatnstökustöðum er nú að heita má lokið. Þessi vinna hefur verið uppistaðan í starfsemi félagsins ásamt því að ná fram samningum um vatnsréttindi og samningum við núverandi eigendur vatnsveitunnar. Eiginlegur rekstur heildsöluveitu fer nú að hefjast.

Vinnu vegna frekari vatnsöflunar mun einnig verða haldið áfram.

Fjárhagur félagsins á síðasta rekstraári er eins og áður háður framlögum eigenda. Tekjur fara síðan að verða til þegar vatnssala hefst á þessu ári. Tekjur munu vaxa eftir þvi sem uppbygging heldur áfram á Grundartanga og nágrenni. Ljóst er þó að rekstur veitunnar verður þungur á næstu árum. Ákveðið var í samráði við

endurskoðendur félagsins að rekstrarfæra hluta áfallins kostnaðar síðustu ára. Hér er miðað við þann kostnað sem til hefur fallið vegna almennra rannsókna á tímabilinu samkvæmt nánari skilgreiningu og því ekki talið eðlilegt að eignafæra.

Stjórn félagsins hefur samþykkt ársreikning fyrir árið 2012.

Stjórn félagsins þakkar gott samstarf við fulltrúa eigenda og þá aðra sem unnið hafa fyrir félagið.

f.h. stjórnar.

Guðmundur Eiríksson